

Verklagsreglur um stuðning Akureyrarbæjar við viðburði á Barnamenningarhátíð á Akureyri

1. gr.

Árlega áætlað bæjarráð Akureyrar fjármagn sem ætlað er til að styrkja viðburði sem tengjast Barnamenningarhátíð á Akureyri sem fram fer í apríl ár hvert.

2. gr.

Markmið með stuðningnum er að styrkja börn og ungmenni til virkrar þátttöku í menningarstarfi yfir hátíðina og veita þeim tækifæri til að njóta lista og menningar. Sérstök áhersla er lögð á að styrkja verkefni sem efla sköpunarkraft barna og ungmenna. Leiðarljós hátíðarinnar eru fagmennska, fjölbreytileiki, jafnræði og gott aðgengi fyrir öll börn og ungmenni. Vettvangur hátíðarinnar er Akureyri og leitast er við að nýta spennandi og áhugverð rými þar sem börn geta skapað, notið, sýnt og túlkað. Meginreglan skal vera að aðgengi að viðburðum sé ókeypis.

Barnamenningarhátíð á Akureyri tekur mið af markmiðum Menningarstefnu Akureyrarbæjar og aðgerðaráætlun barnvæns sveitarfélags.

3. gr.

Fagráð Barnamenningarhátíðar á Akureyri metur umsóknir og gerir tillögur til bæjarráðs um veitingu styrkja.

Verkefnastjóri Barnamenningarhátíðar annast umsýslu, tekur við rafrænum umsóknum í gegnum íbúagátt Akureyrarbæjar og annast samskipti við umsækjendur.

Í fagráðinu skulu sitja: 1 fulltrúi úr bæjarráði, 1 fulltrúi tilnefndur af ungmennaráði, 1 fulltrúi frá grunnskóla og 1 fulltrúi frá leikskóla tilnefndur af fræðslu- og lýðheilsusviði og 1 fulltrúi með reynslu og þekkingu af menningarstarfi tilnefndur af bæjarráði.

4. gr.

Úthlutað er úr sjóðnum einu sinni á ári í tengslum við Barnamenningarhátíð á Akureyri. Við fjárhagsáætlunargerð hvers árs er ákvörðuð heildarfjárheimild Barnamenningarhátíðar. Þegar fjárhagsáætlun komandi hátíðar liggur fyrir tekur fagráð ákvörðum um fjármagn sem veitt verður í styrki. Berist Akureyrarbæ peningagjafir sem ætlaðar eru í verkefni sem tengjast barnamenningu bætast þær við árlegar heimildir.

5. gr.

Styrkir eru veittir til einstaklinga, lögaðila, listhópa, fyrirtækja eða stofnana. Tekið skal fram að ekki eru veittir styrkir til hefðbundins stofn- og rekstrarkostnaðar stofnana eða samtaka. Jafnframt eru ekki veittir styrkir til tækjakaupa, útgáfu né stakra ferðastyrkja. Hámarks og lágmarks upphæðir skulu ákvarðast af bæjarráði ár hvert.

6. gr.

Við mat á umsóknum skulu Menningarstefna Akureyrarbæjar og reglur Akureyrar um styrki vera höfð til hliðsjónar. Jafnframt þurfa umsóknir meðal annars að innihalda greinargóða lýsingu á fyrirhuguðu verkefni, markmiðum, aðstandendum, kostnaðaráætlun og verk- og tímaáætlun. Fagráð leggur mat á umsóknir með hliðsjón af markmiðum sem tiltekin eru í þessum verklagsreglum og auglýstum áherslum hverju sinni. Fagráðið getur leitað álits sérfræðinga við mat á umsóknum ef þörf krefur.

Mælt er með eftirtöldum mælikvörðum við mat á forgangsröðun umsókna:

- Styður við sköpun, listir og framlag barna til Barnamenningarhátíðar á Akureyri
- Höfði til barna á aldrinum 0-18 ára, óháð kyni
- Frumsköpun og veitir frumflutningi brautargengi
- Skapar sérstöðu og auðgar barnamenningu á Akureyri
- Góð dreifing á listgreinar
- Fagleg hæfni framkvæmdaraðila þar sem það á við
- Samstarf milli stofnana, starfsaðila og listamanna
- Fjármögnun og framkvæmdageta
- Viðburðir og efnisval sé hugsað út frá umhverfissjónarmiðum
- Gæði, vinnsla og framsetning umsóknar

7. gr.

Í ágúst er hægt að nálgast rafræna umsókn í íbúagátt Akureyrarbæjar og er umsóknarfresturinn 10. vikur. Verkefnastjóri Barnamenningarhátíðar á Akureyri leggur fram yfirlit umsókna og tillögu að framlagi til afgreiðslu á fundi fagráðsins sem skilar lokatillögu til bæjarráðs. Styrkjum er úthlutað í janúar og ber bæjarráð endalega ábyrgð á úthlutun. Berist hátíðinni viðbótarfjármagn eftir formlega afgreiðslu hefur verkefnastjóri heimild til að ráðstafa því sem best fyrir hana í samráði við forstöðumann atvinnu- og menningarmála.

8. gr.

Um hæfi nefndarmanna gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og Samþykktar um stjórn Akureyrarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar. Um hæfi starfsmanna gilda einnig ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

9. gr.

Þeir sem hljóta styrk fá greidda eingreiðslu í lok verkefnis þegar rafræn greinargerð um framkvæmd verkefnisins hefur verið samþykkt af verkefnastjóra Barnamenningarhátíðar á Akureyri eigi síður en 2 vikum eftir hátíðina. Hægt er að sækja um hjá verkefnastjóra að fá 50% styrksins greiddan við upphaf verkefnisins. Tekið skal fram að styrkir eru afturkræfir hafi þeir ekki uppfyllt skilmála um framkvæmd, greinargerð eða annað sem samið var um.

10. gr.

Nafn og/eða ímyndarmerki Barnamenningarhátíðar á Akureyri og Akureyrarbæjar skal vera getið í öllu kynningarefni verkefnisins. Styrkþegi ber ábyrgð á að senda verkefnastjóra upplýsingar um stað, stund, lýsingu viðburða þannig að hægt sé að koma þeim á framfæri í kynningarefni hátíðarinnar. Einnig er ráðlagt að nota myllumerkið *#barnamenningak* á samfélagsmiðlum.

Samþykkt í bæjarráði Akureyrar 4. ágúst 2022.